

150. löggjafarþing 2019–2020.  
Þingskjal x — x. mál.  
Stjórnarfrumvarp.

## Frumvarp til laga

um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum  
(vefverslun með áfengi).

Frá dómsmálaráðherra.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „smásölu“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: smásölu í vefverslun, framleiðslusölu.
- b. Á eftir orðinu „heildsölu“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: smásölu í vefverslun, framleiðslusölu.

2. gr.

Á eftir orðinu „smásala“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: smásala í vefverslun, framleiðslusala.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „smásölu“ í 1. mgr. kemur: smásölu í vefverslun.
- b. Á eftir orðinu „heildsölu-“ í 1. másl. 4. mgr. kemur: vefverslunar-.
- c. 5. mgr. orðast svo:

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um fyrirkomulag veitingar leyfa til innflutnings, heildsölu, smásölu í vefverslun, framleiðslusölu eða framleiðslu áfengis í atvinnuskyni og eftirlit með slíkum leyfum. Þá er í reglugerðinni heimilt að fela tilteknu sýslumannsembætti að annast leyfisveitingar á grundvelli laga þessara.

4. gr.

Á eftir 9. gr. laganna kemur ný grein, 9. gr. a, svohljóðandi:

Sækja skal um leyfi til að selja áfengi í smásölu í vefverslun til sýslumanns.

Handhafa vefverslunarleyfis er heimilt að selja áfengi í vefverslun. Áfengisútsala sem fer fram á grundvelli vefverslunarleyfis skv. 9. gr. a er undanskilin leyfisveitingu skv. 2. mgr. 10. gr.

Leyfishafi eða annar afhendingaraðili skal láta hlutaðeigandi sanna aldur sinn með því að sýna skilríki með mynd eða á annan fullnægjandi hátt. Afhending áfengis skal einungis fara fram á milli kl. 8.00 og 21.00. Óheimilt er að afhenda áfengi á helgidögum þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst.

Leyfishafa er óheimilt að hafa áfengi til sýnis á starfsstöð sinni.

Vefverslunarleyfi sem í fyrsta sinn er gefið út til umsækjanda gildir í eitt ár. Ef leyfi er endurnýjað er gildistími þess ótímabundinn, sbr. þó afturköllun leyfis skv. 24. gr.

## 5. gr.

Á eftir 9. gr. a. laganna kemur ný grein, 9. gr. b, svohljóðandi:

Sækja skal um framleiðslusöluleyfi til að selja áfengt öl í smásölu á framleiðslustað til sveitarstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi. Um áfengisútsölu á grundvelli framleiðslusöluleyfis gildir 11. gr.

Veita má handhafa framleiðsluleyfis, sem framleiðir minna en 500.000 lítra af áfengi á almanaksári, framleiðslusöluleyfi. Handhafa framleiðslusöluleyfis er heimilt að selja áfengt öl, gerjað úr möltuðu eða ómöltuðu korni, sem er að rúmmáli ekki meira en af 12% af hreinum vínanda, í smásölu á framleiðslustað.

Óheimilt er að afhenda áfengi á helgidögum þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst.

Framleiðslusöluleyfi sem gefið er út til umsækjanda í fyrsta sinn gildir í eitt ár. Ef leyfi er endurnýjað er gildistími þess ótímabundinn, sbr. þó afturköllun leyfis skv. 24. gr.

## 6. gr.

Á eftir orðunum „til smásölu áfengis“ í 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: sbr. þó 9. gr. a. og 9. gr. b.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## 8. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um verslun með áfengi og tóbak, nr. 86/2011:*
  - a. Í stað orðanna „smásölu áfengis“ í 1. mgr. 1. gr. kemur: smásölu ríkisins á áfengi.
  - b. 2. másl. 1. mgr. 14. gr. laganna fellur brott.
2. *Lög um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991:* Við 11. gr. laganna bætast við nýir töluliðir, svohljóðandi: Vefverslunarleyfi 50.000 kr.  
Framleiðslusöluleyfi 50.000 kr.

## Greinargerð.

**1. Inngangur.**

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á áfengislögum, lögum um verslun með áfengi og tóbak og lögum um aukatekjur ríkisins. Frumvarpið er samið á vegum dómsmálaráðuneytisins. Til ráðgjafar við samningu þess voru Haukur Örn Birgisson og Ingvar S. Birgisson, lögmennt hjá Íslensku lögfræðistofunni. Breytingarnar fela í sér tvær undanþágur frá einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á smásölu áfengis til neytenda, sem er lögfest í 10. gr. áfengislaga, nr. 75/1997, og 1. mgr. 7. gr. laga um verslun með áfengi og tóbak, nr. 86/2011.

Í fyrsta lagi leggur frumvarpið til að heimilað verði að starfrækja vefverslun með áfengi í smásölu til neytenda. Þannig verði heimiluð sala áfengis í gegnum verslanir sem starfræktar eru á netinu, svokallaðar vefverslanir. Í lögum er ekki fjallað um viðskipti almennings með áfengi við erlendar verslanir, t.d. í gegnum vefverslanir þessara aðila. Þannig hefur ekki verið talið óheimilt að almenningur versli áfengi í útlöndum og flytji til landsins til einkaneyslu. Aftur á móti hefur hingað til hefur ekki verið talið heimilt að starfrækja slíka verslun hér á

landi sökum einkaleyfis Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á smásölu áfengis. Frumvarpinu er ætlað að jafna stöðu innlendrar og erlendrar verslunar að þessu leyti.

Í öðru lagi er lagt til að smærri brugghúsum verði gert kleift að selja áfengt öl í smásölu á framleiðslustað. Frumvarpinu er ætlað að styðja við smærri brugghús, sérstaklega á landsbyggðinni, en umtalsverð gróska hefur verið hérlendis í bruggun áfengs öls á síðastliðnum árum. Þannig eru tugir smærri brugghúsa starfandi um allt land, sem framleiða fjölbreytt úrval afurða með skírskotun í íslenska menningu og staðarhætti. Við gerð frumvarpsins var m.a. horft til lagasetningar í Norðurlöndunum en í nágrannalöndum Íslands er smærri brugghúsum almennt heimilt að selja áfengt öl í smásölu, þó með mismunandi takmörkunum. Sérstaklega var horft til lagasetningar í Finnlandi en árið 2018 tóku gildi lög þar í landi sem heimila sölu áfengs öls á framleiðslustað í smásölu til neytenda með ákveðnum takmörkunum.

## 2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

### 2.1. Vefverslun með áfengi

Árið 1995 var einkaréttur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á innflutningi áfengis afnuminn og almenningi þannig gert kleift að flytja áfengi til landsins til einkaneyslu. Í 3. gr. áfengislaga er kveðið á um að sérstakt leyfi þurfi til áfengisinnflutnings í atvinnuskyni en ekki er hins vegar kveðið á um að almenningur þurfi leyfi til að geta flutt áfengi til landsins til einkaneyslu. Um áratugaskeið hefur almenningur því átt kost á að kaupa áfengi í erlendum verslunum, t.d. vefverslunum, og láta senda heim að dyrum á Íslandi, að áfengis- og innflutningsgjöldum uppgerðum.

Samhliða þeirri þróun að íslenskir neytendur hafi verslað áfengi erlendis frá hafa viðskipti í gegnum vefverslanir farið sívaxandi á hverju ári. Á síðastliðnum árum hefur orðið sérstaklega mikil aukning á viðskiptum í gegnum innlendar vefverslanir og eru vörurnar jafnan sendar samdægurs heim að dyrum neytandans. Fjöldmörg fyrirtæki hafa skapað sér sérstöðu með því standa vel að rekstri vefverslana sem gera út á daglegar heimsendingar. Þetta fyrirkomulag hefur leitt til þess að neytendur spara sér tíma og geta stundað viðskipti í auknum mæli á eigin forsendum. Samhliða auknu valfrelsi neytenda og alþjóðavæðingu hefur ósk almennings um auknið aðgengi að sölustöðum áfengis farið vaxandi. Í samræmi við það hefur fjöldi sölustaða áfengis hérlendis margfaldast á síðastliðnum áratugum.

Íslenskir áfengisframleiðendur hafa staðið höllum fæti gagnvart erlendri samkeppni um árabíl. Íslendingar kaupa hlutfallslega meira af erlendum áfengistegundum en íbúar nágrannalanda okkar. Ýmsar ástæður liggja þar að baki, en einna þyngst kann að vega sú staðreynd að erlendir áfengisframleiðendur hafa greiðan aðgang að íslenskum neytendum í gegnum auglýsingar á meðan íslenskir framleiðendur hafa það ekki, enda ríkir bann við áfengisauglýsingum, sbr. 20. gr. áfengislaga.

Í gildandi lagaumhverfi, þar sem Íslendingar geta pantað áfengi heim að dyrum úr erlendum áfengisverslunum, hafa innlendir áfengisframleiðendur reynt að mæta þörfum neytenda með því að bjóða upp á sömu þjónustu. Dæmi eru um að innlendir framleiðendur áfengis selji vörur sínar til erlendra vefverslana. Vörurnar eru svo seldar áfram til íslenskra neytenda í gegnum erlendu vefverslunina. Þannig hefur varan verið flutt frá Íslandi í þeim eina tilgangi að vera send aftur til landsins, með tilheyrandi kostnaði og losun gróðurhúsalofttegunda. Ljóst er að þetta fyrirkomulag felur í sér ójafnræði fyrir bæði íslenska áfengisframleiðendur og innlenda verslun. Gildandi lagaumhverfi gerir neytendum kleift að versla áfengi að vild frá erlendum áfengisverslunum, aðallega á netinu, án þess að þeim sé heimilt að gera slíkt hið sama í innlendri vefverslun. Með því að heimila innlenda vefverslun með áfengi er lagaleg staða

innlendar og erlendar vefverslunar með áfengi jöfnuð. Erfitt er að réttlæta bann við atvinnurekstri er varðar sölu á vöru sem almenningur getur flutt inn að vild til einkaneyslu.

Tíðrætt er gildandi bann við áfengisauglýsingum sem nær tæplega markmiði sínu á þeirri tækniöld sem nú er. Á netinu eru áfengisauglýsingar birtar nær óhindrað, ýmist á samfélagsmiðlum eða erlendum vefsíðum sem Íslendingar sækja. Þessar auglýsingar stafa oftast nær frá erlendum áfengisframleiðendum sem eru með stóra markaðshlutdeild á Íslandi.

Það skýtur skökku við að neytendur geti pantað sér áfengi úr erlendum áfengisverslunum, fyrst og fremst í gegnum vefverslanir, en geti ekki gert slíkt hið sama úr sambærilegum innlendum verslunum. Gildandi lagaumhverfi felur í sér ójafnræði milli innlendar og erlendar verslunar, sem gengur gegn hagsmunum neytenda. Fá, ef einhver dæmi, má finna í íslenskum lögum þar sem almenningi er heimilt að kaupa vörur frá erlendum verslunum til innflutnings, en óheimilt að kaupa sömu vöru af íslenskri verslun. Núverandi fyrirkomulag stenst ekki nútímalegar kröfur um jafnræði og er því nauðsynlegt að breyta lögnum til að tryggja jafnræði og samkeppnishæfni innlendar verslunar við þá erlendu.

## 2.2. Smásala handverksbrugghúsa á framleiðslustað

Á undanförmum áratug hefur átt sér stað mikil fjölgun smærri brugghúsa, svokallaðra handverksbrugghúsa, um allt land. Handverksbrugghús eru brugghús sem eru í eðli sínu smá og leggja áherslu á minni framleiðslu, gæði og sjálfstæði. Árið 2018 voru stofnuð Samtök íslenskra handverksbrugghúsa og eru á þriðja tug smærri brugghúsa meðlimir í samtökunum. Samhliða auknum vexti innlendra brugghúsa hefur eftirspurn og áhugi almennings á innlendra áfengisframleiðslu aukist. Endurspeglast það m.a. í umtalsverðri fjölgun á íslenskum áfengisafurðum, þá sérstaklega áfengu öli. Með frumvarpinu er leitast við að styðja við áframhaldandi vöxt og þróun á rekstrarumhverfi smærri brugghúsa á Íslandi.

Smærri brugghús hafa á síðastliðnum árum byggt upp ferðamennsku í kringum rekstur sinn. Á það sérstaklega við á landsbyggðinni en flest störf í tengslum við smærri brugghús eru utan höfuðborgarsvæðisins. Frumvarpið styður því við þá stefnu stjórnvalda að efla atvinnustarfsemi á landsbyggðinni. Algengt er að brugghús bjóði upp á skipulagðar kynnisferðir um framleiðslustaði gegn gjaldi. Í slíkum ferðum eru afurðir kynntar og er gestum altént annaðhvort boðið að smakka það sem framleitt er á staðnum eða kaupa áfengi á grundvelli vínveitingarleyfis til neyslu á staðnum. Aftur á móti mega sömu gestir ekki kaupa sér áfengi í smásölu, þ.e. í neytendaumbúðum, frá brugghúsinu til þess að taka með sér heim. Hefur það mætt réttmætri gagnrýni, bæði frá smærri brugghúsum og neytendum. Í frumvarpinu er því lagt til að slík sala verði heimil. Enn fremur hefur borið á því að erfitt sé fyrir smærri brugghús að fá vörur sínar seldar í verslunum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, jafnvel nærri framleiðslustað. Þá geti það verið sérstaklega erfitt í tilviki áfengistegunda sem eru framleiddar einungis tímabundið eða í litlu magni. Smærri brugghús eru oft með fjölbreytt úrval öltegunda sem framleiddar eru í litlu magni eða tímabundið. Hefur það skapað samkeppnisumhverfi þar sem hallar á smærri brugghús, sem eiga umtalsvert erfiðara með að selja vörur sínar til neytenda en stærri samkeppnisaðilar. Þannig kann rekstur áfengisframleiðanda að standa og falla með því að fá vörur sínar seldar í verslunum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Með frumvarpinu er leitast til við að jafna stöðu smærri brugghúsa við þau stærri hvað þetta varðar.

Þrátt fyrir að á þriðja tug brugghúsa séu meðlimir í Samtökum íslenskra handverksbrugghúsa þá er áfengisframleiðsla téðra brugghúsa ekki stórt hlutfall af heildaráfengisframleiðslu framleiðsluleyfshafa á Íslandi. Þessi undanþága frá einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á smásölu áfengis er því þröng og mun fela í sér

tiltölulega litla aukningu á áfengisútsölustöðum. Gera má ráð fyrir að sala á grundvelli framleiðslusöluleyfis eigi sér fyrst og fremst stað í tengslum við ferðaþjónustu hjá leyfishafa. Þó má einnig ætla að þessi breyting muni styrkja sölu leyfishafa í nærumhverfi. Í því sambandi þarf þó að hafa í huga að staðsetning á framleiðslustöðum áfengisframleiðenda er almennt ekki í verslunarkjörnum eða á stöðum þar sem verslun fer almennt fram. Hvað sem því líður má ætla að breytingin muni styrkja rekstur smærri brugghúsa, sérstaklega á landsbyggðinni.

Með frumvarpi þessu er leitast við að koma til móts við þau sjónarmið sem rakin eru hér að framan. Því er lagt til að heimilaður verði rekstur innlendra vefverslana með áfengi í smásölu til neytenda með þeim takmörkunum sem í þessum lögum greinir. Enn fremur verði smærri brugghúsum gert kleift að selja áfengt öl í smásölu beint til neytenda að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

### 3. Meginefni frumvarpsins.

#### 3.1. Almenn atriði.

Fyrirrennari Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, Áfengisverzlun ríkisins, var sett á laggirnar árið 1922 á sama tíma og svokölluðu áfengisbanni var aflétt að hluta til. Síðan þá má segja að rekin hafi verið aðhaldssöm áfengisstefna á Íslandi. Frumvarp þetta hróflar ekki við hlutverki Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Þá felur frumvarpið ekki í sér tillögur um breytingu á áfengisstefnu, áherslum í lýðheilsumálum eða tekjuöflunarkerfi ríkisins á þessu sviði.

Atvinnustarfsemi er tengist áfengi er almennt leyfisbundin á Íslandi. Ástæðan fyrir því er sú að áfengi hefur almennt ekki verið talin hefðbundin neysluvara, meðal annars vegna þeirra lýðheilsulegu áhrifa sem það hefur. Í 8. gr. áfengislaga er áskilið að til innflutnings áfengis í atvinnuskyni þurfi innflutningsleyfi. Til að framleiða áfengi héraðs þarf framleiðsluleyfi, sbr. 6. gr. sömu laga, og einnig þurfa heildsölur með áfengi svokallað heildsöluleyfi, sbr. 9. gr. laganna. Innflutningur, heildsala, smásala og framleiðsla áfengis sem fer fram í atvinnuskyni án leyfis samkvæmt lögum varðar refsingu skv. 27. gr. þeirra. Í samræmi við fyrirkomulag varðandi innflutning, framleiðslu og heildsölu áfengis er lagt til að heimilt verði að selja áfengi í smásölu í vefverslun og áfengt öl í smásölu á framleiðslustað, að fengnu leyfi til þess.

Lagt er til að sömu almennu skilyrði verði sett fyrir vefverslunar- og framleiðslusöluleyfi eins og öðrum leyfum sem fjallað er um í áfengislögum. Verði frumvarpið að lögum munu einstaklingar og lögaðilar því almennt geta fengið slíkt leyfi hafi þeir náð tilskildum aldri og tilkynnt ríkisskattstjóra um atvinnustarfsemi sína. Í tilviki framleiðslusöluleyfis er þó gerð sú krafa að auki að leyfishafinn hafi einnig framleiðsluleyfi skv. 6. gr. laganna og framleiði eigi meira en 500.000 lítra af áfengi á almanaksári. Þá munu sýslumenn annast leyfisveitingu vefverslunarleyfis en sveitarstjórnir munu annast veitingu framleiðslusöluleyfis. Lögregla, tollgæsla og skattfyrvöld munu annast eftirlit í samræmi við 4. mgr. 4. gr. laganna. Ráðherra mun með reglugerð geta kveðið nánar á um slíka leyfisveitingu og eftirlit með leyfishöfum.

#### 3.2. Vefverslun með áfengi.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að vefverslun með áfengi í smásölu til neytenda verði heimil að fengnu vefverslunarleyfi. Felur það í sér undanþágu frá einokun Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á smásölu með áfengi.

Vefverslun með áfengi mun að meginstefnu fara fram með tvennum hætti, verði frumvarpið að lögum. Annað hvort munu neytendur sækja vöruna á starfsstöð leyfishafans eða fá vöruna senda á þann stað sem þeir tiltaka, sem í flestum tilvikum er heimili þeirra. Neytendur geta nú þegar fengið áfengi sent heim að dyrum erlendis frá og gilda engar sérstakar reglur

um það fyrirkomulag. Ljóst er að þegar heimsending á áfengi á sér stað mun milligönguaðili oft sjá um póstsendinguna, t.d. Íslandspóstur eða aðrir aðilar sem sérhæfa sig í vörusendingum. Í ljósi þessa er í frumvarpinu kveðið á um strangari kröfur til sönnunar á aldri viðtakanda. Þannig þarf viðtakandinn í öllum tilvikum að framvísa sönnun þess að hann hafi náð 20 ára aldri. Brot á þessu geta leitt til leyfissviptingar og/eða bakað þeim aðila refsíabyrgð sem stendur að sölu og/eða afhendingu vörunnar. Þá þarf afhending áfengisins að fara fram á ákveðnum tímum sólarhringsins og má ekki fara fram á tilteknum hátíðar- og helgidögum.

Handhafa leyfis til vefverslunar verður ekki heimilt að hafa áfengi til sýnis á starfsstöð. Í þeim tilvikum þar sem neytendur sækja áfengi á starfsstöð vefverslunarleyfishafa þarf leyfishafinn því að gæta þess að áfengi sé ekki til sýnis á starfsstöðinni. Honum er einungis heimilt að afhenda áfengið í samræmi við rafræna pöntun. Þessu er ætlað að koma í veg fyrir að hefðbundinn verslunarrekstur eigi sér stað þar sem áfengi er stillt upp, líkt og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, og leyfishafinn taki við áfengispöntunum með rafrænum hætti og afhending fari fram samstundis.

### 3.3. Smásala áfengs öls á framleiðslustað.

Í frumvarpinu er lagt til að smásala áfengs öls verði heimiluð á framleiðslustað að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Þeir handhafar framleiðsluleyfa, sem framleiða minna en 500.000 lítra af áfengi á almanaksári, munu geta fengið framleiðslusöluleyfi. Framleiðslusöluleyfi mun gera handhafa leyfisins kleift að selja áfengt öl, gerjað úr möltuðu eða ómöltuðu korni, sem inniheldur ekki meira en 12% af hreinum vínanda að rúmmáli, á framleiðslustað.

Markmið þessarar breytingar er að styðja við smærri brugghús og jafna samkeppnisstöðu þeirra við stærri áfengisframleiðendur. Sanngjarnasta leiðin til þess að skilja að á milli smærri og stærri brugghúsa er að miða við heildarframleiðslu áfengis á almanaksári, en öllum áfengisframleiðendum er gert að skila til ríkisins framleiðslubókhalda, sbr. 4. mgr. 5. gr. laganna. Þessi leið var farin í Finnlandi árið 2018 þegar framleiðendum svokallaðs „handverksöls“ var gert kleift að selja afurð sína í smásölu til neytenda.

Sótt skal um framleiðslusöluleyfi til sveitarstjórnar í viðeigandi sveitarfélagi. Áfengisútsala á grundvelli framleiðslusöluleyfis lýtur 11. gr. laganna. Felur það m.a. í sér að leyfishafi þarf samþykki sveitarstjórnar fyrir rekstri áfengisútsölu. Þannig er sveitarstjórn heimilt að binda veitingu leyfis til rekstrar útsölastaðar skilyrðum um staðsetningu verslunar, afgreiðslutíma og önnur málefnaleg atriði. Að þessu leyti þarf framleiðslusöluleyfishafi að lúta sömu reglum og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Sveitarfélög hafa því ákvörðunarvald um hvort smásala á framleiðslustað eigi sér stað innan sveitarfélagsins og með hvaða hætti.

### 3.4. Lýðheilsusjónarmið.

Með frumvarpinu er reynt að koma til móts við sjónarmið bæði þeirra sem vilja aukið frjálsræði í verslun með áfengi og þeirra sem kjósa aðhaldssama áfengisstefnu. Gætt hefur þeirrar gagnrýni í garð tillagna um aukið frjálsræði við fyrirkomulag sölu á áfengi að sumum neytendum sé gert erfitt fyrir sé áfengi til sýnis í verslunum. Þá feli áfengi, sem er til sýnis í daglegum athöfnum fólks, í sér freistingu fyrir neytendur sem auki neyslu áfengis og vandamál því tengdu. Í þessu frumvarpi eru ekki lagðar til breytingar sem fela í sér að áfengi verði sýnilegra í íslensku samfélagi en áður, heldur verði farin sú leið að heimila smásölu áfengis í gegnum vefverslun og smærri brugghúsum verði gert kleift að selja afurðir sínar beint til neytenda í smásölu á framleiðslustað. Þrátt fyrir auknar heimildir til smásölu áfengis sem

frumvarpið gerir ráð fyrir, verða áfengisauklýsingar enn óheimilar og hefðbundinn verslunarrekstur með áfengi verður enn að meginstefnu í höndum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Í því sambandi vísast m.a. til þess að í frumvarpinu er lagt til að áfengi verði ekki til sýnis á starfsstöð vefverslunarleyfishafa. Framleiðslusöluleyfifishöfum verður heimilt að hafa áfengi til sýnis í sínum verslunum en ekki er talið að það muni hafa teljandi áhrif á neyslu áfengis. Brugghús eru almennt utan alfaraleiðar og fjarri verslunarkjörnum þar sem verslanir Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins eru staðsettar. Enn fremur eru brugghús sem falla undir skilyrði framleiðslusöluleyfifis í flestum tilvikum staðsett á landsbyggðinni. Ekki er talið að þessi breyting muni hafa teljandi áhrif á lýðheilsu þjóðarinnar þrátt fyrir að breytingin feli í sér fjölgun á áfengisútsölustöðum. Síðastliðna áratugi hefur fjöldi sölustaða áfengis margfaldast án þess að samsvarandi aukning hafi orðið á áfengisneyslu meðal þjóðarinnar.

Hvað varðar vefverslun með áfengi, þá gilda engar sérstakar reglur í gildandi lagaumhverfi um innflutning áfengis til einkaneyslu neytenda. Þannig geta neytendur nú pantað sér óhindrað áfengi heim að dyrum erlendis frá og felur sá þáttur frumvarpsins því ekki í sér grundvallarbreytingar á áfengislöggjöf landsins. Ætla má að vefverslun með áfengi færir að miklu leyti í hendur innlendra vefverslana verði frumvarpið að lögum. Sala verður þá bundin þeim takmörkunum sem kveðið er á um í frumvarpinu, t.d. um afhendingartíma og ítarlegri skilyrði fyrir sönnun á aldri viðtakanda vörunnar heldur en gilda nú þegar um verslanir Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

#### 4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið varðar réttindi sem varin eru af 65. og 75. gr. stjórnarskrárinnar. Með frumvarpinu er stuðlað að því að styrkja atvinnufrelsi og jafnrétti með hliðsjón af framangreindum ákvæðum. Við gerð frumvarpsins var tekið til skoðunar hvort sú tilhögun að veita tilteknum innlendum áfengisframleiðendum, þ.e. smærri brugghúsum, heimild til smásölu á áfengi öli á framleiðslustað myndi fela í sér mismunum sem bryti í bága við 11. og 16. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn). Samkvæmt 11. gr. EES-samningsins eru magntakmarkanir á innflutningi bannaðar, svo og allar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif. Enn fremur kemur fram í 16. gr. samningsins að samningsaðilar skuli tryggja að breytingar á ríkiseinkasölum feli ekki í sér að gerður sé greinarmunur á milli ríkisborgara EB og EFTA-ríkja hvað snertir skilyrði til aðdráttar og markaðssetningar vara. Við skoðun á þessum atriðum var m.a. horft til sambærilegrar lagasetningar í Finnlandi þar sem tilteknum brugghúsum var gert kleift að selja áfengi í smásölu til neytenda á framleiðslustað. Ljóst er að framleiðslusöluleyfið felur í sér þrönga undanþágu frá einokun Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á smásölu áfengis. Þá þarf einnig að skoða þessa undanþágu í ljósi hinnar undanþágu frumvarpsins, þ.e. vefverslunarleyfisins. Þessi þrönga undanþága mun fela í sér mjög takmarkaða heimild fyrir tiltekin smærri brugghús, þar sem rýmkaðar verða heimildir þeirra til sölu varnings á framleiðslustað. Fyrirséð er að um tiltölulega litla söluaukningu verði að ræða, sem beinist fyrst og fremst til ferðamanna, sem geti tæplega talið fela í sér ólögmeða mismunum gagnvart erlendum brugghúsum. Þá beinist heimildin fyrst og fremst að brugghúsum á landsbyggðinni, þó ákvæði frumvarpsins mæli ekki berum orðum fyrir um slíkt. Að teknu tilliti til framangreinds er ekki talið að frumvarpið feli í sér brot á 11. og 16. gr. EES-samningsins, enda sé um þrönga undanþágu að ræða frá einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Frumvarpið verður þannig ekki talið skapa vandkvæði með tilliti til ákvæða stjórnarskrárinnar eða alþjóðlegra skuldbindinga.

## 5. Samráð.

Áform um lagasetningu og frummat á áhrifum hennar voru birt í samráðsgátt stjórnvalda 29. nóvember 2019 og var frestur til athugasemda veittur til 13. desember sama ár, sbr. mál nr. 296/2019. Í gegnum samráðsgáttina barst 31 umsögn. Í miklum meiri hluta umsagna var lýst yfir stuðningi við áformin um lagasetninguna og talið tímabært að styðja við innlenda framleiðendur og aukið frelsi í sölu á áfengi. Þá komu einnig fram umsagnir frá einstaklingum, foreldrafélagi gegn áfengisauklýsingum og bindindissamtökum sem töldu fyrirhugað frumvarp varhugavert í ljósi lýðheilsusjónarmiða

Drög að þess hluta frumvarpsins sem snýr að smásölu áfengis í vefverslun voru birt í samráðsgátt stjórnvalda 13. febrúar 2020 og var frestur til að koma að athugasemdum veittur til 20. febrúar sama ár, sbr. mál nr. 35/2020. Þá var haft samráð við fjármála- og efnahagsráðuneytið vegna breytinga á lögum um verslun með áfengi og tóbak. Umsagnir einstaklinga voru 13 talsins en 11 umsagnir bárust frá félögum, samtökum og stofnunum. Meirihluti umsagnaraðila var jákvæður í garð breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu, m.a. aukins valfrelsis neytenda, frjálstræðis í áfengislöggjöf og jafnræðis milli innlendra og erlendra aðila í smásölu áfengis. Töldu margir frumvarpið vera skref í rétta átt og til bóta fyrir innlenda framleiðendur og innflytjendur áfengis. Ýmsir rekstraraðilar nefndu að frumvarpið hefði í för með sér breyttan rekstur til hins betra. Samtök atvinnulífsins bentu jafnframt á að frá árinu 1995 hefði almenningur átt möguleika á að versla áfengi í erlendum verslunum, þar á meðal vefverslunum, og fengið vöruna senda heim að dyrum. Samkvæmt núgildandi fyrirkomulagi stæðu íslenskir áfengisframleiðendur höllum fæti gagnvart erlendum framleiðendum. Hallinn yrði þó enn til staðar að einhverju leyti yrði frumvarpið að lögum, enda gætu íslenskir framleiðendur ekki auglýst vöru sína öfugt við erlenda framleiðendur. Jafnframt yrði breytingin jákvæð fyrir íslenska neytendur, því nú stæði þeim jafnt til boða að versla við innlenda og erlenda söluaðila í gegnum vefsíður þeirra.

Þeir umsagnaraðilar sem lögðust gegn samþykki frumvarpsins vísuðu allir til þess að áfengi væri ekki venjuleg neysluvara og aðgengi að því skyldi ekki vera aukið. Vísuðu flestir þeirra til þess að frumvarpið samrýmdist ekki lýðheilsusjónarmiðum og væru skaðleg áhrif áfengis til þess fallin að skapa samfélagsleg vandamál. Verið væri að auðvelda aðgengi að áfengi sem leiddi til aukinnar neyslu þess og aukins samfélagslegs kostnaðar samhliða henni, meðal annars hjá börnum og ungmennum. Varðandi þessi sjónarmið er vísað til þess sem rakið er í greinargerð með frumvarpi þessu varðandi það að vefverslun verði settar skorður hvað varðar aldurstakmörk og afhendingartíma áfengis hjá innlendum vefverslunum.

Félag atvinnurekenda (FA) gerði nokkrar athugasemdir varðandi efni frumvarpsins. Gagnrýndi félagið fyrst og fremst að í frumvarpinu væri ekki gert ráð fyrir því að áfengisauklýsingar yrðu heimilar til að jafna stöðu innlendra og erlendra áfengisframleiðenda. Í því sambandi vísaði félagið m.a. til þess að erlendir áfengisframleiðendur ættu greiðan aðgang að íslenskum neytendum í gegnum auklýsingar á erlendum miðlum. Gagnrýndi félagið einnig að ekki væri gerð nægilega skýr grein fyrir áhrifum breytinganna á rekstur ÁTVR. Þá benti FA á að eftirliti væri ábótavant en í frumvarpsdrögum var ekki gert ráð fyrir eftirliti með vefverslunum sem selja áfengi, að áfengi væri ekki sýnilegt á starfsstöð leyfishafa og að viðtakandi væri krafinn um skilríki við afhendingu. Þá vantaði einnig reglur um eftirlit með samkeppnisháttum ÁTVR. Að lokum benti FA á að í drögum að frumvarpinu væri ekki gert ráð fyrir reglum um markaðssetningu eða framsetningu áfengis í vefverslunum og því óljóst hvort þær ættu að lúta sömu reglum og gilda um ríkiseinkasöluna í dag. Í kjölfar þessara athugasemda hefur reglugerðarheimild til handa ráðherra verið styrkt og mun ráðherra geta sett nánari reglur um framangreind atriði í reglugerð, verði frumvarpið að lögum.



Hér bætist við umfjöllun um samráð eftir seinni birtingu í samráðsgátt vegna sölu á framleiðslustað.

## 6. Mat á áhrifum.

Gildandi lagaumhverfi gerir neytendum kleift að versla áfengi að vild frá erlendum áfengisverslunum, aðallega á netinu, án þess að þeim sé heimilt að gera slíkt hið sama í innlendri vefverslun. Með því að heimila innlenda vefverslun með áfengi er lagaleg staða innlendrar og erlendar vefverslunar með áfengi jöfnuð. Sala verður þó bundin þeim takmörkunum sem kveðið er á um í frumvarpinu, t.d. um afhendingartíma, sýnileika vöru á starfstöð vefverslunar og skilyrði fyrir sönnun á aldri viðtakanda vörunnar. Smásala áfengis öls á framleiðslustað mun hafa óveruleg áhrif enda er ráðgert að smásala á grundvelli framleiðslusöluleyfis verði einkum bundin við ferðaþjónustu.

Líkt og fram hefur komið má gera ráð fyrir að áfengissala ÁTVR minnki verði frumvarpið að lögum. Óvíst er hversu mikið salan kann að dragast saman og þar af leiðandi er óvissa um hversu mikil áhrif það muni hafa á tekjur og gjöld ÁTVR og þar með arðgreiðslur þeirra til ríkissjóðs. Ekki er talið að frumvarpið muni hafa áhrif teljandi áhrif á fjárhag sveitarfélaga. Eftirlit verður með sama hætti og verið hefur á grundvelli áfengislaga verði frumvarpið að lögum. Leyfisveiting vefverslunarleyfis verður með sama hætti og leyfisveitingar annarra leyfa á grundvelli áfengislaga, en sveitarstjórnir munu veita framleiðslusöluleyfi. Gert er ráð fyrir að það rúmist innan ramma fjárveitinga.

### *Um einstakar greinar frumvarpsins.*

#### Um 1. og 2. gr.

Í 1. og 2. gr. eru lagðar til breytingar á 3. og 4. gr. áfengislaga sem leiða af því sem lagt er til í frumvarpinu að heimilt verði að veita einstaklingum og lögaðilum leyfi til smásölu á áfengi í vefverslun og á framleiðslustað.

#### Um 3. gr.

Í 3. gr. er lögð til breyting á 5. gr. áfengislaga sem leiðir af því sem lagt er til í frumvarpinu að heimilt verði að veita einstaklingum og lögaðilum leyfi til smásölu á áfengi í vefverslun. Ekki er talið nauðsynlegt að vísa til framleiðslusöluleyfis í 1. og 4. mgr. ákvæðisins. Er það vegna þess að einungis handhafar framleiðsluleyfis geti fengið framleiðslusöluleyfi og því er nægjanlegt að vísa til framleiðsluleyfis.

Í c-lið 3. gr. er lagt til að bætt verði við heimild ráðherra í 5. mgr. 5. gr. að hann geti með reglugerð kveðið nánar á um eftirlit með fyrirkomulagi veitinga leyfa til innflutnings, heildsölu, smásölu í vefverslun, framleiðslusölu eða framleiðslu áfengis í atvinnuskyni. Þá er lagt til að ráðherra verði gert kleift að fela einu sýslumannsembætti að annast leyfisveitingar á grundvelli laga þessara. Þó er ljóst að ekki muni koma til þess í tilviki framleiðslusöluleyfis þar sem sveitarstjórnir sjá um veitingu þess leyfis. Sveitarstjórnnum verður þó skylt að tilkynna viðkomandi sýslumanni um leyfi sem verða veitt til rekstrar áfengisútsölu á grundvelli framleiðslusöluleyfis.

#### Um 4. gr.

Í 4. gr. er lagt til að bætt verði við áfengislög grein um vefverslunarleyfi, 9. gr. a, sem veiti leyfishafa heimild til að selja áfengi í smásölu í gegnum vefverslun. Um undantekningu er að ræða frá einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á smásölu áfengis. Sótt skal um leyfi til sýslumanns og þarf umsækjandi að uppfylla skilyrði og kröfur 5. gr. áfengislaga. Felur það

í sér að umsækjandi þarf meðal annars að vera orðinn 20 ára auk þess sem hann þarf að hafa tilkynnt ríkisskattstjóra um atvinnustarfsemi sína. Skv. 2. mgr. 9. gr. a þurfa handhafar leyfisins ekki að sækja um sérstakt leyfi til rekstrar áfengisútsölu til sveitarstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi, sbr. 2. mgr. 10. gr. áfengislaga, enda er ekki gert ráð fyrir hefðbundnum áfengisútsöluverslunarrekstri eins og tíðkast hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Afhending áfengis sem selt er á grundvelli vefverslunarleyfisins skal einungis fara fram á milli kl. 8.00 að morgni og 21.00 að kvöldi. Afhending áfengis utan þessa tíma kann að leiða til þess að leyfishafi verði áminntur eða sviptur leyfi sínu í samræmi við 24. gr. áfengislaga. Með þessu fyrirkomulagi er reynt að stemma stigu við því að áfengi sé pantað seint um kvöld og afhent skömmu síðar. Ekki þykir ástæða til að takmarka afhendingartíma áfengis frá öðrum aðilum en þeim sem ákvæði þetta tekur til, þar sem í tilviki erlendra áfengisvefverslana er útilokað að um afhendingu geti verið að ræða innan sama dags. Því felur þessi takmörkun vefverslunarleyfishafa á afhendingartíma áfengis ekki í sér ójafnræði milli innlendra og erlendra aðila. Þá verður einnig óheimilt að afhenda áfengi á grundvelli leyfisins á helgidögum þjóðkirkjunnar, sbr. lög um frið vegna helgihalds, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst. Er þetta til samræmis við að áfengisútsölustaðir skulu lokaðir á þessum dögum, sbr. 2. mgr. 12. gr. áfengislaga, þó að handhafi vefverslunarleyfis hafi ekki opinn hefðbundinn áfengisútsölustað.

Í ljósi þess að afhending áfengis mun almennt séð ekki fara fram á starfsstöð leyfishafans er lagt til að gerðar verði strangari kröfur til sönnunar á aldri viðtakanda en gert er í 18. gr. áfengislaga. Afhending áfengis á grundvelli leyfisins má einungis fara fram ef viðtakandi sannar með skilríki með mynd eða á annan fullnægjandi hátt að hann sé orðinn 20 ára, þ.m.t. með rafrænum hætti sé þess kostur. Felur þetta í sér að neytandi þarf í öllum tilvikum að sanna aldur sinn þegar afhending áfengis fer fram á grundvelli leyfisins. Skiptir í því sambandi engu máli hvort leyfishafinn eða undirverktaki, þ.e. afhendingaraðili á hans vegum á borð við pósthjónustu, afhendi áfengið. Brot gegn þessu ákvæði kann bæði að leiða til þess að leyfishafinn verði áminntur eða sviptur leyfi sínu og enn fremur að sá aðili sem afhenti vöruna baki sér refsíabýrgð í samræmi við 18. og 27. gr. áfengislaga.

Leyfishafa vefverslunarleyfis verður óheimilt að hafa áfengi til sýnis á starfsstöð sinni. Rökin sem liggja að baki því eru þau að handhöfum vefverslunarleyfis er í sjálfsvald sett hvort þeir afhendi vöruna á því heimilisfangi sem neytandi tiltekur eða hvort neytandinn sækir vöruna á starfsstöð leyfishafans. Væri handhafa leyfisins heimilt að hafa áfengi til sýnis á starfsstöð sinni gæti það opnað á rekstur áfengisverslana líkt og þeim sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins rekur. Markmið frumvarpsins er ekki að leyfa slíka smásölu áfengis.

Þá er gert ráð fyrir því að vefverslunarleyfi sé fyrsta sinni gefið út til umsækjanda í eitt ár. Að því loknu þarf umsækjandi að sækja um endurnýjun sem mun vera ótímabundin, verði leyfið ekki afturkallað, sbr. 24. gr. áfengislaga. Um er að ræða sama fyrirkomulag og er viðhaft með önnur leyfi á grundvelli laganna.

Geymslu- og lagerstarfsemi vefverslunarleyfishafa fellur undir gildandi löggjöf um geymslu matvæla. Þannig mun heilbrigðiseftirlit á hverju svæði fyrir sig annast eftirlit með lagerstarfsemi leyfishafa.

#### Um. 5. gr.

Í 5. gr. er lagt til að bætt verði við áfengislög grein um framleiðslusöluleyfi, 9. gr. b, sem veiti leyfishafa heimild til að selja áfengt öl í smásölu á framleiðslustað. Líkt og í 4. gr. frumvarpsins er um undantekningu að ræða frá einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á smásölu áfengis.

Sótt skal um framleiðslusöluleyfi til sveitarstjórnar í viðeigandi sveitarfélagi. Um framleiðslusöluleyfi gildir 11. gr. áfengisлага. Felur það m.a. í sér að sveitarstjórn ber að leita álits viðkomandi byggingar- og skipulagsnefndar áður en leyfi er veitt til rekstrar áfengisútsölu, þ.e. verslunar á grundvelli leyfisins. Enn fremur er sveitarstjórn heimilt að binda veitingu leyfisins skilyrðum um staðsetningu verslunar, afgreiðslutíma og önnur málefnaleg atriði. Talið er nauðsynlegt að sveitarfélög hafi aðkomu að því hvernig staðið er að sölu áfengisverslana innan vébanda þeirra, eins og er raunin varðandi verslanir Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

Framleiðslusöluleyfi má veita handhafa framleiðsluleyfis sem framleiðir ekki meira en 500.000 lítra af áfengi á almanaksári. Í 4. mgr. 5. gr. áfengisлага er mælt fyrir um að framleiðsluleyfishafa sé skylt að halda framleiðslubókhald og sölubókhald eftir atvikum. Á grundvelli ákvæðisins hefur verið sett reglugerð nr. 828/2005 um framleiðslu, innflutning og heildsölu áfengis í atvinnuskyni, með síðari breytingum. Í 9. gr. reglugerðarinnar er nánar mælt fyrir um skyldu handhafa framleiðsluleyfis til þess að halda framleiðsluskýrslur. Þar segir að framleiðsluskýrslur skuli halda með þeim hætti að hægt sé að rekja með auðveldum og öruggum hætti hverja átöppun á áfengi til einstakra áfengistegunda og umbúða. Á grundvelli þessara skýrslna geta umsækjendur lagt fram gögn sem sýna fram á að ársframleiðsla áfengis sé undir hámarki ákvæðisins, þ.e. 500.000 lítrum.

Handhafa framleiðsluleyfis er einungis heimilt að selja áfengt öl sem inniheldur ekki meira en 12% af hreinum vínanda að rúmmáli og er gerjað úr möltuðu eða ómöltuðu korni. Ljóst er að með ákveðnum framleiðsluaðferðum getur styrkleiki áfengs öls orðið meiri en 12%, jafnvel sambærilegur og í sterku áfengi, og er því talið nauðsynlegt að tiltaka ákveðið hámark vínanda að rúmmáli, enda er það ekki tilætlan frumvarpsins að heimila smásölu sterks áfengis á framleiðslustað. Þá er vísað til þess í frumvarpinu að hið áfenga öl skuli gerjað úr möltuðu eða ómöltuðu korni og er það m.a. gert til þess að eyða öllum vafa um að áfengir gosdrykkir, t.d. síðerar, falla ekki undir söluheimildir leyfisins.

Eins og fyrr segir er skilyrði fyrir veitingu framleiðslusöluleyfis að viðkomandi aðili hafi framleiðsluleyfi, sbr. 6. gr. laganna, og að áfenga ölið sé framleitt á grundvelli þess leyfis, enda vísar 5. gr. frumvarpsins til sölu á framleiðslustað. Þá segir í ákvæðinu að sala verði að eiga sér stað á framleiðslustað. Þrátt fyrir að vísað sé til framleiðslustaðar er gert ráð fyrir að smásalan geti farið fram í húsnæði aðliggjandi við framleiðsluhúsnæði eða í öðru húsnæði á lóð framleiðsluhúsnæðisins. Rökin sem liggja þar að baki eru þau að framleiðsluhúsnæði er oft ekki hentugt undir verslunarrekstur. Er því talið nauðsynlegt að halda þeim möguleika opnum að sala hins áfenga öls eigi sér stað í aðliggjandi húsnæði við framleiðslustað eða í húsnæði á sömu lóð. Að endingu er þetta atriði sem leyfishafi mun þurfa að vinna úr með sveitarstjórn í því sveitarfélagi þar sem framleiðsla fer fram. Ólíkt verslunum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins verður ekki nauðsynlegt að skilja rekstur verslana á grundvelli framleiðslusöluleyfis frá öðrum verslunarrekstri. Þannig gæti leyfishafi t.d. selt áfengt öl í hillu í sama rými og annar varningur er seldur, t.d. merktar ölkrúsir og annar gjafavarningur.

Handhafa leyfisins verður óheimilt að afhenda áfengi á helgidögum Þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst. Þá er gert ráð fyrir því að framleiðslusöluleyfi verði í fyrsta sinni gefið út til umsækjanda í eitt ár. Að því loknu þarf umsækjandi að sækja um endurnýjun sem mun vera ótímabundin, verði leyfið ekki afturkallað, sbr. 24. gr. áfengisлага. Um er að ræða sama fyrirkomulag og er viðhaft með önnur leyfi á grundvelli laganna.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. 10. gr. áfengislaga er kveðið á um einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á smásölu áfengis. Með nýrri 9. gr. a, sbr. 4. gr. frumvarpsins, og 9. gr. b, sbr. 5. gr. frumvarpsins, er kveðið á um undantekningu frá því fyrirkomulagi og er því rétt að vísað sé til hennar í 1. mgr. 10. gr.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 8. gr.

Í 8. gr. er lagt til að 1. mgr. 1. gr. laga um verslun um áfengi og tóbak verði breytt í því skyni að þrengja gildissvið laganna, þ.e. að þau fjalli eingöngu um verslun ríkisins með áfengi og tóbak. Gildissvið laga um verslun með áfengi og tóbak nær til „smásölu á áfengi og heildsölu á tóbaki“, eins og 1. mgr. 1. gr. er orðuð. Lögin fjalla í meginatriðum um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, sem hefur einkaleyfi á smásölu áfengis í gildandi lagaumhverfi. Verði frumvarp þetta að lögum er ljóst að gildissvið laga um verslun með áfengi og tóbak muni ekki ná til smásölu áfengis í vefverslun og því er rétt að uppfæra gildissviðsákvæði laganna til samræmis við það.

Lagt er til að 2. másl. 1. mgr. 14. gr. laga um verslun með áfengi og tóbak verði felldur brott. Segja má að efni ákvæðisins sé úrelt með nýju fyrirkomulagi á smásölu áfengis og feli í sér óeðlilega mismunun með tilliti til samkeppnissjónarmiða. Það stenst ekki skoðun að vörur séu gerðar upptækar og í framhaldinu afhentar Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, sem verður samkeppnisaðili umræddra vefverslana, verði frumvarpið að lögum.

Þá er í greininni lagt til að við 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, verði bætt við tölulíðum þess efnis að fyrir útgáfu á leyfi til að selja áfengi í smásölu í gegnum vefverslun og áfengt öl á framleiðslustað skuli greiða gjald að fjárhæð 50.000 kr.